

1865.  
21. sept.

að vera laus við að gjalda tíund af 20 hundruðum í jörð þessari, af því að þau, að því er virðist, eru eign kirkjunnar á Mýrum.

Um þetta skal reikningastjórnardeildinni til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á sama máli og yfirskoðari um það, að, ef það verður sannað, að kirkjan á Mýrum eigi þau 20 hundruð í heimalandi, sem um er rædt, eigi þau að vera undanþegin tíund.

21. sept.

**76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfs-syni.**

Með bréfi 24. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað skjál nokkurt; í því ber sveitarstjórnin í Fljótshlíðarhrepp í Rangárvalla sýslu sig upp undan því, að krafzt sé, ófyrirsynju að hennar hyggju, af hrepp þessum endurgjalds á 57 rdl. 78 sk., sem greiddir hafa verið á árunum 1858—61 úr sveitarsjóði Vestmannaeyja í sveitarstyrk handa Magnúsi gjörtlara Eyjólfs-syni og börnum hans tveim, en að öðru leyti hefir verið kann-  
azt við, að hann sé sveitlægur í Fljótshlíðar hrepp.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnar-ráðið fellst á úrskurð þann, sem stiptamtið lagði á mál þetta 13. júlímán. 1863; en eptir þeim úrskurði á Fljótshlíðar hreppur að endurgjalda sveitarsjóði Vestmannaeyja fé það, sem að ofan er um rædt.

29 fylgiskjöl eru send aptur með bréfi þessu.

23. sept.

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lóð í Reykjavík, er verzlunarhúsinu Koch og Henderson hefir verið úthlutað.**

Með bréfi dagsettu 9. júnímán. þ. á. hefir stiptamtið sent hingað bænarskrá frá Óla Finsen, fulltrúa verzlunarhússins Kochs

og Hendersons í Reykjavík; sækir hann um, að dómsmálastjórnin með úrskurði sínum eptirláti verzlunarfélaginu fyrir fullt og allt svæði nokkurt, sem er 400 ferhyrnings álnir og liggur fyrir austan geymsluhús það, sem verzlunarfélagið hefir látið byggja í Reykjavík; hafði bæjarstjórnin í Reykjavík látið það fá svæði þetta til þess að girða um það og nota til þess að geyma þar steinkol, þó ekki um lengri tíma en meðan verzlunarfélagið hefir á hendi gufuskipsferðirnar til Íslands eða í kringum landið, en áskilið sér rétt á, ef það hætti við gufuskipsferðirnar, að gjöra út um, hvort það eða eptirmenn þess megi halda svæði þessu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að dómsmálastjórninni eptir atvikum finnst ekki vera næg ástæða til þess að breyta ákvörðun bæjarstjórnarinnar um þetta málefni.

1865.

23. sept.

## 78. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á Eystriskógum og Efriey.

23. sept.

Útaf því, að presturinn í Meðallandsþingum í Skaptafells-sýslu ekki hefir neina jörð til ábúðar, hefir stiptamtíð og þér, háæruverðugi herra, stungið uppá því í bréfi dagsettu 22. júnimán. þ. á., að þess sé farið á leit að fá jörðina Efriey, sem heyrir undir Kirkjubæjar klaustur, í skiptum fyrir jörðina Eystriskóga, sem er eign Meðallandsþinga brauds, og að Efriey sé síðan útlögð prestinum í Meðallandsþingum til ábúðar með því skilyrði, að hann gjaldi í umboðssjóð Kirkjubæjar klauturs það, sem afgjaldið, er sjóðurinn nú fær af Efriey, er fram yfir afgjald það, sem hann fengi af Eystriskógum, þó svo, að gjald þetta falli burt, undir eins og Eystriskógar verða byggðir með eins miklu afgjaldi, og nú er goldið af Efriey.

Eptir að skrifazt hefir verið á við dómsmálastjórnina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, að kirkju- og kennslu-